



Borgarráð

Reykjavík, 17. desember 2024

MSS24120041

Skýrsla starfshóps um staðarvalsgreiningu endurvinnslustöðvar í stað stöðvar við Dalveg í Kópavogi - Sorpu bs.

Hjálagt erindi Sorpu bs. til borgarráðs, dags. 6. desember sl. um skil starfshóps um staðarval endurvinnslustöðvar í stað stöðvar við Dalveg er lagt fram til kynningar.

Einar Þorsteinsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi Sorpu bs. til borgarráðs um skil starfshóps um staðarval endurvinnslustöðvar í stað stöðvar við Dalveg, dags. 6. desember 2024

Greinargerð starfshóps um staðarval fyrir endurvinnslustöð í endurvinnslustöðvar við Dalveg, dags. 19. nóvember 2024



Reykjavík

Borgarráð Reykjavíkur
Einar Þorsteinsson
Ráðhúsi Reykjavíkur
Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2024

Efni: Skil starfshóps um staðarval endurvinnslustöðvar í stað stöðvar við Dalveg

Á 509. fundi stjórnar Sorpu bs. sem haldinn var 4. desember sl. var lögð fram greinargerð starfshóps um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvar við Dalveg.

Í erindisbréfi starfshópsins kemur fram að hlutverk hópsins væri að greina valkosti til að koma til móts við þörf íbúa á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Garðabæ og Kópavogi, fyrir aðgengi að endurvinnslustöð frá þeim tímapunkti sem endurvinnslustöðin við Dalveg lokar. Hópnum væri ætlað að:


- Fara yfir núverandi stöðu, draga saman mikilvægar upplýsingar um hlutverk Dalvegs og veitta þjónustu.
- Greina þörf fyrir stærð og hlutverk nýrrar endurvinnslustöðvar.
- Afla upplýsinga um mögulegar staðsetningar í sveitarfélögunum tveimur og útfæra tillögur þess efnis.

Bryndís Skúladóttir kynnti niðurstöðu starfshópsins og stjórn SORPU bókaði eftirfarandi:

„Stjórn þakkar starfshópi fyrir vel unnin störf og vísar greinargerðinni til umfjöllunar í viðeigandi sveitarfélögum.“

Ofan greint ásamt greinargerð er send til upplýsinga en í samræmi við ákvörðun stjórnar hefur málið verið sent til umfjöllunar í Kópavogi og Garðabæ.

Virðingarfyllst,



Jón Viggó Gunnarsson
framkvæmdastjóri SORPU bs.

Meðfylgjandi:

- Greinargerð starfshóps um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvar við Dalveg.

Starfshópur um staðarval fyrir endurvinnslustöð

Samantekt nefndarstarfs

19. nóvember 2024

1 Hlutverk og skipan starfshópsins

Á fundi stjórnar Sorpu þann 21. desember 2023 var samþykkt að koma á fót starfshópi um staðarval fyrir endurvinnslustöð í stað endurvinnslustöðvar við Dalveg, sem stóð til að loka 1. september 2024. Í erindisbréfi kemur fram að hlutverk hópsins væri að greina valkosti til að koma til móts við þörf íbúa á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega í Garðabæ og Kópavogi, fyrir aðgengi að endurvinnslustöð frá þeim tímamarki sem endurvinnslustöðin við Dalveg lokar. Hópnum væri ætlað að:

- Fara yfir núverandi stöðu, draga saman mikilvægar upplýsingar um hlutverk Dalvegs og veitta þjónustu.
- Greina þörf fyrir stærð og hlutverk nýrrar endurvinnslustöðvar.
- Afla upplýsinga um mögulegar staðsetningar í sveitarfélögunum tveimur og útfæra tillögur þess efnis.

Í nefndina voru skipuð:

Hjördís Ýr Johnson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, formaður hópsins,
Björg Fenger, bæjarfulltrúi í Garðabæ,
Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva Sorpu,
Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og þróunarstjóri Sorpu tók sæti Guðmundar í nóvember 2024.
Bryndís Skúladóttir, ráðgjafi hjá VSÓ Ráðgjöf var starfsmaður hópsins.

2 Fundir hópsins

Hópurinn hélt sjö fundi, á tímabilinu 31. janúar til 30. apríl 2024. Áttundi fundur og lokafundur var haldinn 19. nóvember 2024. Á fundi 28. febrúar, þar sem unnið var með valkostagreiningu þriggja staðsetninga, voru gestir þær Guðbjörg Brá Gísladóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs Garðabæjar og Auður Dagný Kristinsdóttir, skipulagsfulltrúi Kópavogs.

Í fyrstu var farið yfir á staðarvalsgreiningu frá árinu 2023. Gögn um endurvinnslustöðvar voru skoðuð, t.d. fjöldi heimsókna, skipting þeirra milli daga og tíma dags, sveiflur í heimsóknum yfir árið, áhrif veðurfars og hvernig heimilísúrgangur skiptist milli söfnunarleiða, þ.e. hirða við hús, grenndarstöðvar og endurvinnslustöðvar. Farið var yfir þjónustukönnun Sorpu þar sem íbúar segjast fara að jafnaði 13 – 16 sinnum á ári á endurvinnslustöð.

Rætt var um uppsetningu og staðsetningu stöðva, m.a. aksturstími íbúa að næstu stöð, leiðir til að stýra álagi á stöðvunum, leiðir til að mynda skjól fyrir veðri og hvort mögulegt sé að vera með minni stöð sem eingöngu þjóni heimilum með smærri farma og í boði væru umfangsminni úrgangsflokkar.

Skoðaðir voru tilteknir staðsetningar sem bæjarfulltrúar Kópavogs og Garðabæjar lögðu fram. Þar sem pláss er lítið var horft til möguleika á lítilli stöð. Staðsetningar eru allar nálægt íbúabyggð og hugað var að skilyrðum sem stöðin þyrfti að uppfylla vegna þess, t.d. að vera yfirbyggð og falleg ásýndar. Þar sem halli á lóð er mikill er möguleiki á að vera með opið svæði eða starfsemi á efri hæð eða þaki.

Gerð var lausleg valkostagreining og fyrir hverja staðsetningu var eftirfarandi skoðað:

- Gildandi svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag.
- Reiknað uppland stöðvar.
- Lausleg skoðun á umferð að og frá stöðinni.
- Áhrif á nærumhverfi, íbúa, fyrirtæki, útivist og aðra starfsemi í kring eftir því sem við á.

- Tímalína, þ.e. hve miklar skipulagsbreytingar þurfi, breytingar á vegakerfi, hönnun á útliti og skilgreining á þjónustu.

Rætt var um mikilvægi þess að hafa réttar forsendur fyrir ákvörðunartöku. Skilja þurfi betur hvernig byggingarsvæði framtíðar hafa áhrif á fjölda íbúa í upplandi stöðvarinnar. Ákvörðun um framtíðarstöð í Kópavogi eða Garðabæ er hluti af stærri mynd og framtíð annarra endurvinnslustöðva skiptir máli. Annar starfshópur, skipaður af stjórn Sorpu, vann samhliða að greiningu á framtíðarskipulagi endurvinnslustöðva á höfuðborgarsvæðinu. Rætt var um þörf á samhljómi milli þessara hópa. Sá starfshópur skilaði greinargerð í lok október síðastliðinn.

Valin var staðsetning í Kópavogi til nánari skoðunar með tilliti til umferðar og hönnunar. Arkitekt gerði tillögur um hvernig koma mætti stöð fyrir á lóðinni miðað við stærð lóðar og landslags. Kópavogsbær tók upp samtal við Vegagerðina og Reykjavíkurborg um hvort mögulegt væri að breyta aðliggjandi vegtengingum til að tryggja gott að- og fráflæði. Umferðargreiningar sýndu að lóðin reyndist ekki heppilega staðsett.

Þá var litið til annarra möguleika sem voru skoðaðir og valið að leggja fram tillögu um staðsetningu á Glaðheimasvæði. Í viðauka er mynd af staðsetningu og reiknað uppland, akstur tími og fjöldi heimsóknna. Íbúafjöldi er annars vegar sýndur miðað við árið 2023 og hins vegar þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins, útgefin í október 2024. Gera þarf greiningu á hönnun stöðvar sem hentar á lóðinni, miðað við stærð lóðar, legu í landi og tryggja þarf aðkomu svo aðgengi stærri bíla sé gott inn og út úr hverfinu.

3 Niðurstaða starfshópsins

Hópurinn skoðaði alls fjórar staðsetningar fyrir endurvinnslustöð í Kópavogi og Garðabæ. Metnir voru kostir og gallar lóðanna og staðsetninga. Horft var m.a. til stærðar lóða og legu í landi, fjarlægð frá öðrum endurvinnslustöðvum, þörf á skipulagsbreytingum, skipulag byggðar í nágrenninu og hvort aðkoma að stöðinni geti orðið greið. Skoðað var hvernig mætti minnka áhrif á byggð í nágrenninu með góðri hönnun á stöðinni og með því að takmarka stærð og þjónustu stöðvar. Umferðarflæði er mikil áskorun þegar koma þarf fyrir starfsemi sem þessari í þéttari hlutum sveitarfélaganna. Gerðar voru umferðargreiningar fyrir tiltekna kosti og reyndist það afgerandi þáttur í vali á staðsetningu því nauðsynlegt er að tryggja gott flæði að og frá stöðinni.


Í nóvember 2024 var lokafundur hópsins og Kópavogsbær lagði til að lóð á svokölluðu Glaðheimasvæði verði skoðuð nánar fyrir endurvinnslustöð í stað stöðvar við Dalveg, sem verður lokað. Glaðheimasvæðið liggur á milli Bæjarlindar og Arnarnesvegjar við sveitarfélagamörk Kópavogs og Garðabæjar. Lóðin er á óbyggðum suðurhluta svæðisins upp við Arnarnesveg. Miðað er við 4.000 til 4.500 m² lóð sem er nokkru stærra en lóðin við Dalveg.

Lóðin er vel staðsett með tilliti til annarra endurvinnslustöðva, áreit sem er skilgreindur sem miðsvæði í aðalskipulagi og liggur nærri umferðaræðum. Vanda þarf hönnun og útlit stöðvarinnar svo hún falli vel að umhverfinu, nýta halla í landslagi og byggja yfir stöðina. Fram komu hugmyndir um að á efri hæð verði starfsemi sem þjónar nærumhverfi eða opið svæði ofan á húsinu. Lagt er til að stöðin verði lítil, þjóni eingöngu heimilum með smærri farma og að opnunartími taki mið af nærumhverfi í samræmi við opnunartíma lítilla stöðva, enda í mikilli nálægð við íbúðarbyggð. Tekið verði á móti umfangsminni úrgangsflokkum, t.d. verði ekki tekið við byggingarúrgangi og garðaúrgangi. Tryggja þarf gott aðgengi fyrir stærri bíla sem þjónusta stöðina. Aðkoma að svæðinu er greið um hringtorg á Arnarnesvegi en hanna þarf stöðina og aðkomu að henni þannig að raðir myndist ekki á gatnamótum.


Breyta þarf aðalskipulagi og vinna deiliskipulag fyrir lóðina sem tekur um það bil ár, en á meðan er hægt að vinna hönnunargögn fyrir gatnagerð og endurvinnslustöðina og þá tekur við útboð og framkvæmdir í ár eða tvö. Lauslega áætlað gæti opnun nýrrar stöðvar verið um 2 – 4 árum eftir að ákvörðun er tekin. Vinna þarf nánari tíma- og kostnaðaráætlun fyrir verkefnið.

4 Viðauki – Uppland, fjöldi heimsóknna og aksturtími

Fjöldi íbúa í upplandi árið 2023 og samkvæmt þróunaráætlun SSH



Fjöldi heimsókna árið 2023. Fjöldi miðað við þróunaráætlun er áætlaður þannig að notaðar eru tölur frá Dalvegi fyrir Glaðheimasvæði og frá Sævarhöfða fyrir Lambhagaveg og þær framreiknaðar í samræmi við fjölgun íbúa samkvæmt þróunaráætlun.



Aksturtími að næstu endurvinnslustöð miðað við að ekin sé stysta leið á leyfilegum hámarks hraða.

